

Afkoma HB Granda hf. árið 2014

Fjórði ársfjórðungur

Rekstrartekjur samstæðunnar á fjórða ársfjórðungi 2014 voru 59,3 m€, á móti 45,0 m€ á fjórða ársfjórðungi 2013.

EBITDA nam 4,9 m€ á fjórða ársfjórðungi í ár, en nam 6,1 m€ á sama tímabili 2013.

Hagnaður á fjórða ársfjórðungi var 5,8 m€ samanborið við 9,5 m€ árið áður.

Árið 2014

Rekstrartekjur ársins 2014 námu 214,9 m€, en voru 195,0 m€ árið 2013.

EBITDA ársins 2014 var 49,9 m€ (23,2%) en var 45,1 m€ (23,1%) árið áður.

Hagnaður ársins var 36,3 m€, en var 35,4 m€ árið áður.

Rekstrarreikningur - Lykiltölur	4F2014	4F2013	2014	2013
í þúsundum evra				
Seldar vörur	59.327	45.024	214.911	195.033
Kostnaðarverð seldra vara	(49.955)	(38.082)	(154.819)	(144.633)
Vergur hagnaður	9.372	6.942	60.092	50.400
Aðrar tekjur	(7)	176	1.361	176
Útflutningskostnaður	(3.270)	(2.846)	(12.637)	(12.226)
Annar rekstrarkostnaður	(5.634)	(1.494)	(12.319)	(5.454)
Bakfærð virðisrýrnun	0	8.703	0	8.703
Rekstrarhagnaður	461	11.481	36.497	41.599
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	5.269	(821)	4.390	1.415
Áhrif hlutdeildarfélaganna	(745)	1.173	2.910	769
Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.985	11.833	43.797	43.783
Tekjuskattur	780	(2.313)	(7.477)	(8.370)
Hagnaður tímabilsins/ársins	5.765	9.520	36.320	35.413
EBITDA	4.907	6.133	49.936	45.137

Rekstur ársins 2014

Rekstrartekjur HB Granda hf. árið 2014 námu 214,9 m€, samanborið við 195,0 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og virðisrýrnun (EBITDA) var 49,9 m€ eða 23,2% af rekstrartekjum, en var 45,1 m€ eða 23,1% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru jákvæð um 4,4 m€, en voru jákvæð um 1,4 m€ árið áður. Meðal fjáreignatekna er tekjufærður söluhagnaður og matsbreyting eignarhluta í dótturfélagi að fjárhæð 5,8 m€. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 2,9 m€, en voru jákvæð um 0,8 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 43,8 m€, samanborið við hagnað að fjárhæð 43,8 m€ árið áður. Tekjuskattur að fjárhæð 7,5 m€ er reiknaður samkvæmt framtali í íslenskum krónum. Hagnaður ársins varð því 36,3 m€ en var 35,4 m€ árið áður.

Afkoma HB Granda hf. árið 2014

Meðalfjöldi ársverka árið 2014 var 920 en var 828 árið 2013. Laun og launatengd gjöld námu samtals 62,6 m€, samanborið við 58,3 m€ árið áður (9,7 milljarðar króna á meðalgengi ársins samanborið við 9,4 milljarða árið áður).

Á árinu 2014 keypti félagið allt hlutfé í Norðanfiski ehf. og er félagið hluti af samstæðureikningi HB Granda hf. frá 22. maí 2014. Í árslok seldi félagið síðan eignarhlut sinn í Stofnfiski hf., en félagið er hluti af rekstrarreikningi samstæðunnar allt árið 2014.

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 366,7 m€ í árslok 2014. Þar af voru fastafjármunir 284,3 m€ og veltufjármunir 82,4 m€. Eigið fé nam 218,8 m€ og var eiginfjárhlutfall 60%, en var 61% í lok árs 2013. Heildarskuldir félagsins voru í árslok 147,9 m€.

Efnahagsreikningur 31.12.2014 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	31.12.2014	31.12.2013
Fastafjármunir	284.251	271.355
Veltufjármunir	82.433	64.903
Eignir samtals	366.684	336.258
Eigið fé	218.829	203.484
Langtímaskuldir	53.967	72.301
Skammtímaskuldir	93.888	60.473
Eigið fé og skuldir samtals.....	366.684	336.258

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 34,0 m€ árið 2014, en var 43,1 m€ árið áður. Fjárfestingar námu 33,4 m€. Fjármögnunarhreyfingar námu 11,9 m€. Handbært fé hækkaði því um 12,5 m€ og var í árslok 24,7 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	2014	2013
í þúsundum evra		
Handbært fé frá rekstri	34.048	43.141
Fjárfestingarhreyfingar	(33.444)	(22.740)
Fjármögnunarhreyfingar	11.850	(16.767)
Breyting á handbæru fé.....	12.454	3.634
Handbært fé í árslok.....	24.727	12.273

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi ársins 2014 (1 evra = 154,43 isk) verða tekjur 33,2 milljarðar króna, EBITDA 7,7 milljarðar og hagnaður 5,6 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á lokagengi ársins 2014 (1 evra = 153,84 isk) verða eignir samtals 56,4 milljarðar króna, skuldir 22,7 milljarðar og eigið fé 33,7 milljarðar.

Afkoma HB Granda hf. árið 2014

Skipastóll og afli

HB Grandi hf. gerði út 10 fiskiskip í árslok. Á árinu var samið við skipasmíðastöð í Tyrklandi um smíði á þremur nýjum ísfisktogurum. Árið 2013 var samið við sömu skipasmíðastöð um smíði tveggja uppsjárveiðiskipa. Fyrra uppsjárskipið verður afhent í apríl næstkomandi en það seinna í árslok. Fyrsti ísfisktogarinn verður væntanlega afhentur upp úr miðju ári 2016.

Árið 2014 var afli skipa félagsins 50 þúsund tonn af botnfiski og 103 þúsund tonn af uppsjárvefisk.

Önnur mál

Í febrúar 2015 var gengið frá samningi um endurfjármögnun á skuldum samstæðunnar. Samningurinn felur í sér 77,0 m€ lán með lokagjaldþaga 2020.

Slæmt veðurfar og breytt göngumynstur loðnu hafa sett svip sinn á fyrri helming loðnuvertíðar. Aflamark félagsins í loðnu er nú 72.600 tonn á móti 23.400 tonnum í fyrra. Verði bærilæg veiði það sem eftir er vertíðar á aflamarkið að nást.

Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda verður haldinn föstudaginn 10. apríl í matsal félagsins við Norðurgarð í Reykjavík og hefst klukkan 17:00.

Tillaga stjórnar á aðalfundi um arðgreiðslu

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2015 verði vegna rekstrarársins 2014 greidd 1,50 kr. á hlut í arð til hluthafa, eða 2.720 millj. kr. (um 17,7 millj. evra á lokagengi ársins 2014), sem samsvarar 8,1% af eigin fé eða 4,4% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2014. Arðurinn verði greiddur 30. apríl 2015. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 10. apríl 2015 og arðleysisdagur því 13. apríl 2015.

Arðsréttindadagur er 14. apríl 2015 (arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá að loknu uppgjöri Verðbréfasráningar Íslands fyrir kl. 12:00 þann 14. apríl 2015).

Kynningarfundur þann 25. febrúar 2015

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á fjórða ársfjórðungi verður haldinn í dag miðvikudaginn 25. febrúar klukkan 16:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum.

Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum HB Granda hf. 25. febrúar 2015. Ársreikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards) og hefur verið endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri, sími 858-1007.

Afkoma HB Granda hf. árið 2014

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur/Birting ársskýrslu	10. apríl 2015
Arðgreiðsludagur	30. apríl 2015
Fyrsti ársfjórðungur	27. maí 2015
Annar ársfjórðungur	26. ágúst 2015
Þriðji ársfjórðungur	25. nóvember 2015
Fjórti ársfjórðungur	24. febrúar 2016